

13. fundur

Fimmtudaginn 5. júlí 2007 kom hreppsnefnd saman til fundar í kaffistofu Þórsvers og hófst fundur kl. 15.10.

Mætt voru: Árin Davíð Haraldsson, Marínó Jónsson, Sigurborg H. Sigurðardóttir, Sigurður Jóhannes Jónsson, Aðalbjörn Arnarsson, Jóhanna Helgadóttir, Siggeir Stefánsson, og Björn Ingimarsson, sveitarstjóri.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að bæta við á dagskrá tveimur málum frá Ævari Marínóssyni og undirbúningshópi kátra daga. Samþ. samhljóða.

Dagskrá.

1. Mál. Fundargerðir nefnda og ráða.

- Hreppsnefnd, 24.05.07. Lögð fram.
- Hreppsnefnd, 30.05.07. Lögð fram.
- Hreppsnefnd, 19.06.07. Lögð fram.
- Hreppsnefnd, 29.06.07. Lögð fram.
- Byggðaráð, 29.05.07. Lögð fram.
- Byggðaráð, 29.06.07. Lögð fram.
- Fræðslu- og menningarnefnd, 21.06.07.

Samþykkt að óska eftir frekari skýringum á því við hvað er átt í tillögum skólustjóra á Bakkafirði varðandi íþrótt- og sundkennslu.

Vegna erindis tengdu Kátum dögum var samþykkt að annast kostnað vegna starfsemi leiksmiðjunnar Frú Normu frá Egilsstöðum en sá kostnaður er áætlaður á bilinu 200 - 220 þús. kr. Kostnað vegna þessa skal taka af fjármunum ætluðum til hátíðisdaga í fjárhagsáætlun 2007. Samþykkt samhljóða.

- Fræðslu og menningarnefnd, 29.05.07, fundargerð, báðar. Samþykkt samhljóða.
- Íþrótt- og tómstundanefnd, 02.05.07.

Sveitarstjóra falið að undirbúa í samráði við forstöðumann Þórsvers það að salerni félagsheimilisins verði tekin rækilega í gegn. Lagt til að tekjur félagsheimilisins af Kátum dögum verði eyrnamerkar þeim endurbótum. Samþykkt samhljóða.

- Íþrótt- og tómstundanefnd 13.06.07

Hreppsnefnd lýsir yfir ánægju með það frumkvæði íþrótt- og tómstundanefndar að hleypa af stokkunum eggjahátíð en tekur ekki undir þá hugmynd að rétt sé að hverfa frá því að halda eggjahátíðina í tengslum við sjómannadaginn. Samþykkt samhljóða.

Varðandi frumathugun á gerð golfvallar á Þórshöfn beinir hreppsnefnd því til íþrótt- og tómstundanefndar að nefndin hafi forgöngu um að kannaður verði grundvöllur fyrir stofnun golfklúbbs á Þórshöfn og nágr. Sveitarstjóra falið að afla upplýsinga um golfvallarhönnun og að sjá til þess að gert verði ráð fyrir slíkum velli í aðalskipulagi sveitarfélagsins sem verið er að vinna. Samþykkt samhljóða.

- Hafnanefnd, 25.04.07. Samþykkt samhljóða.

- Hafnanefnd, 26.06.07. Fundargerð samþykkt samhljóða.

Sveitarstjóra falið að semja við fagaðila að úttekt og tillögu v. vatnsm. á hafnarsvæði. Samþykkt samhljóða.

- Atvinnumálanefnd, 28.06.07.

Hreppsnefnd Langanesbyggðar heimilar sveitarstjóra að fjárfesta í þeim búnaði sem þarf til að koma fyrir tveimur tilraunalögnum vegna bláskeljaræktar, annars vegar í Bakkaflóa og hins vegar í Þistilfirði. Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna þessa geti numið allt að 750.000,- kr. sem vísast til endurskoðunar fjárhagsáætlunar vegna 2007. Heimild þessi er þó háð því að samkomulag náist við útgerðarmenn um að um samstarfsverkefni þeirra og sveitarfélagsins yrði að ræða þannig að fjárfestingin verði á höndum sveitarfélagsins en niðurlögn, eftirlit og þjónusta hjá útgerðaraðilum. Samþykkt samhljóða.

Hreppsnefnd Langanesbyggðar samþykkir að óska eftir samningum við Svalbarðshrepp og Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga um sk. GEBRIS-verkefni í samræmi við tillögu atvinnumálanefndar þar um. Kostnaði vegna þessa skal vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar en hann gæti numið allt að 50% kostnaði við eitt stöðugildi ráðgjafa hjá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga hf. í þrjú ár. Samþykkt samhljóða.

Samþykkt að óska eftir því við þá aðila sem standa að hugmynd um akstursípróttabraut í landi Langanesbyggðar að kannaður verði áhugi fyrir stofnun akstursípróttafélags á svæðinu sem gæti komið að byggingu og starfrækslu slíkrar brautar. Samþykkt samhljóða. Fundargerðin samþykkt samhljóða.

2. Mál. Fundargerðir frá ýmsum aðilum.

Eyþing – Stjórnarfundur, 14.06.07. Lögð fram.

3. Mál. Skýrsla sveitarstjóra.

Björn flutti greinargóða skýrslu. ” Byggðaráði í samráði við umhverfis- skipulags og bygginganefnd falið að gera tillögu um staðsetningu gámasvæðis á Þórshöfn”. Samþykkt samhljóða.

Samþykkt viðbótarfjárveiting til slökkvistöðvar vegna framkvæmda kr. 1.000.000,- Samþykkt samhljóða.

4. Mál. Innsend erindi.

- Greið leið ehf – Ársreikningur 2006.
- Samband íslenskra sveitarfélaga - Gildistaka nýrra laga um gatnagerðargjöld 1. júlí 2007.

Sveitarstjóra falið að vinna eða sjá til þess að unnin verði tillaga að nýjum samþykktum og gjaldskrá um gatnagerðargjald fyrir Langanesbyggð er taki mið af nýjum lögum þar um. Samþykkt samhljóða.

- Háskólinn á Akureyri - Höfnun umsókna um fjarnám við viðskipta- og raunvísindadeild skólans.

Hreppsnefnd Langanesbyggðar lýsir yfir furðu sinni yfir þeim fjöldatakmörkunareglum er gilda varðandi þá er óska þess að stunda fjarnám við viðskipta- og raunvísindadeild Háskólans á Akureyri. Í ljósi höfnunar á umsóknum tveggja einstaklinga er hugðust stunda fjarnám við deildina frá Þórshöfn næsta vetur má ljóst vera að stjórnendur stofnunarinnar hafa ekki áhuga á því að koma á móts við þarfir einstaklinga í dreifðari byggðum heldur virðist fjarnámið einskorðað við stærri byggðakjarna. Stjórnendur Háskólans á Akureyri eru hvattir til að taka gildandi fjarnámsreglur skólans til gagn Gerrar endurskoðunar þannig að það megi nýtast þeim sem á því þurfa að halda hvort sem þeir búa á Akureyri, Egilstöðum eða á Þórshöfn. Samþykkt samhljóða.

Til afgreiðslu.

- Samvinnunefnd um svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum – Ósk um umsögn um drög að svæðisskipulagi. Samþykkt að vísa erindinu til umhverfis-, skipulags- og bygginganefndar til afgreiðslu . Samþykkt samhljóða.

- Bókaútgáfan Hólar - Styrkbeiðni vegna útgáfu heildarljóðasafns Kristjáns frá Djúpalæk.

Samþykkt að styrkja útgáfuna með kaupum á 10 bókum fyrir alls kr. 50.000,-. Samþykkt samhljóða.

- Félagsmálaráðuneytið - Frumvarp til laga um réttindi og skyldur eigenda og leigjenda lóða í skipulagðri frístundabyggð.

Erindinu vísað til umhverfis-, skipulags- og bygginganefndar til afgreiðslu. Samþykkt samhljóða.

- Samorka – Boð til fráveitu um aðild að Samorku.

” Sveitarstjóra falið að afla frekari upplýsinga um málið”. Samþykkt samhljóða.

- Birna Sigurðardóttir og Jaroslaw Radtke - Bílastæði við Austurveg 4.

Erindinu vísað til umhverfis-, skipulags- og bygginganefndar til umsagnar. Lagt er til að málið verði skoðað heildstætt, ásamt byggingafulltrúa, fyrir eldri lóðir á Þórshöfn og á Bakkafirði þar sem svipuð vandamál kunna að vera til staðar. Samþykkt samhljóða.

- Brunabót - Styrktarsjóður EBÍ 2007.

Samþykkt að fela sveitarstjóra að sækja um styrk í sjóðinn til að vinna áfram að verkefninu “Nýsköpun í Langanesbyggð - Afþreying og aðráttarafl á Þórshöfn”. Umsókn skal unnin í samvinnu við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga. Samþykkt samhljóða.

- Tónlistarskólinn í Reykjavík –

Ósk um greiðslu kennslukostnaðar skólaárið 2007 - 2008.

Erindinu hafnað með vísan til fyrri afgreiðslna hreppsnefndar Langanesbyggðar á samskonar erindum. Hreppsnefnd Langanesbyggðar ítrekar þá skoðun sína að ríkinu beri að standa straum af kostnaði við framhaldsnám tónlistarnema þannig að ekki verði lengur um mismunun vegna búsetu að ræða”. Samþykkt með 6 atkv. Siggeir sat hjá og gerði grein fyrir afstöðu sinni.

- Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags.

Umfjöllun og afgreiðslu erindisins vísað til lokaðs fundar að afloknum hreppsnefndarfundi. Samþykkt samhljóða.

- Styrkbeiðni vegna langvarandi veikinda barns.

Umfjöllun og afgreiðslu erindisins vísað til lokaðs fundar að afloknum hreppsnefndarfundi. Samþykkt samhljóða.

- Ævar Rafn Marinósson - Umsókn um leyfi til byggingar íbúðarhúss í landi Tungusels.

Erindinu vísað til umhverfis-, skipulags- og bygginganefndar til afgreiðslu. Samþykkt samhljóða.

- Undirbúningshópur vegna Kátra daga.

Ósk um heimild vegna varðelds á hafnasvæðinu og uppsetningu á bráðabirgðatjaldsvæði fyrir unglunga.

Samþykkt að heimila varðeld á hafnarsvæðinu á Þórshöfn að kvöldi dags 21. júlí nk. háð því að farið verði að fyrirmælum slökkviliðsstjóra varðandi framkvæmd brennunnar. Erindi varðandi uppsetningu bráðabirgðatjaldsvæðis fyrir unglunga hafnað og því beint til undirbúningsnefndar að lögð verði áhersla á að tjaldsvæði Langanesbyggðar verði eingöngu ætluð fjölskyldufólki á meðan á Kátum dögum stendur en ekki unglungum í ljósi reynslu fyrri ára. Vísað er til úrræða er gripið hefur verið til á öðrum tjaldsvæðum á landinu eins og t.d. lágmarksaldursviðmið (25 ára) hjá þeim sem tilheyra sannanlega ekki hópnunum “Fjölskyldufólk”. Samþykkt samhljóða.

5. Mál. Endurbætur á húsnæði Grunnskólans á Þórshöfn.

Sveitarstjóri lagði fram efnistilboð í klæðningu grunnskólans á Þórshöfn ásamt grófu kostnaðarmati við vinnuþáttinn. Fram kom að áætlaður heildarkostnaður við verkið er á bilinu 3,5 - 4,0 millj. kr. miðað við að hægt verði að fara í framkvæmdina nú í júlí. Sveitarstjóra veitt umboð til að semja um efniskaup og framkvæmd í samráði við byggðaráð Langanesbyggðar og fulltrúa umhverfis- skipulags og bygginganefndar. Samþykkt samhljóða.

6. Mál. Tillögur Hafró um niðurskurð á aflaheimildum

Hreppsnefnd Langanesbyggðar lýsir yfir áhyggjum sínum vegna hugmynda um stórfelldan niðurskurð á aflaheimildum á næsta fiskveiðiári og þeim áhrifum sem slíkt mun hafa á þróun atvinnulífs í byggðalaginu.

Sveitarstjóra falið að koma á framfæri athugasemdum við fyrirhugaðan niðurskurð við sjávarútvegsráðherra. Í athugasemdum skulu m.a. koma fram eftirfarandi tillögur hreppsnefndar Langanesbyggðar.

- Óvissu um framtíð fiskveiðistjórnunarkerfisins verði eytt með yfirlýsingu um að núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi standi um ókomna framtíð án grundvallarbreytinga, að því undanskildu að nýliðun í kerfinu verði gerð möguleg með því m.a. að ráðstafa til þess veiðiheimildum sem nýttar hafa verið í byggðakvóta og séraðgerðir s.s. línuívilnun.
- Ákveðinn verði jafnstöðuaflí til næstu þriggja ára en að þeim tíma liðnum verði tekin ákvörðun um hvort auka megi veiðiheimildir eða hvort þörf verði á skerðingu. Jafnstöðuaflí miðist við því sem næst óbreyttar veiðiheimildir yfirstandandi fiskveiðiárs. Jafnframt verði teknar upp nýjar rannsóknaraðferðir og rannsóknir stórefldar.
- Heimildir til hvalveiða verði auknar stórlega þar sem fyrir liggur að hvalastofnarnir við landið hafa vaxið verulega og að þau skörð er þeir höggva í bæði bolfisk- og uppsjávarfiskstofna eru tilfinnanleg.

Afrit skuli senda á aðra ráðherra í ríkisstjórn Íslands, þingmenn NA-kjördæmis og fjölmiðla.

7. Kosning oddvita og varaoddvita til árs.

Siggeir Stefánsson, oddviti
Þórir Jónsson, varaoddviti.

Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða. Oddviti sleit fundi kl. 18.57.
Kristín Kristjánsdóttir, ritari.